



Reykjavík, 16. janúar 2026
PON25110033

Borgarráð

Aukið samstarf Reykjavíkurborgar og Sambands íslenskra sveitarfélaga á sviði stafrænnar þróunnar

Í samstarfsyfirlýsingu Samfylkingar, Pírata, Sósíalistaflokks, Flokks fólksins og Vinstri grænna um lífsgæði í Reykjavík, dags. febrúar 2025, kemur fram „Við viljum efla samstarf við ríki og önnur sveitarfélög um skilvirka nýtingu stafrænna lausna og notkun gervigreindar.“

Á fundi stafræns ráðs þann 14. janúar 2026 var lögð fram að nýju tillaga þjónustu- og nýsköpunarsviðs, dags. 17. nóvember 2025, um aukið samstarf Reykjavíkurborgar og Sambands íslenskra sveitarfélaga á sviði stafrænnar þróunnar ásamt fylgigögnum sbr. 2. lið fundargerðar stafræns ráðs s.d.

Tillagan var samþykkt.

Fulltrúar Samfylkingar, Pírata, Sósíalistaflokks Íslands og Flokks fólksins lögðu fram svohljóðandi bókun:

Í samstarfssáttmála samstarfsflokka frá 21. febrúar 2025 er kveðið á um eftirfarandi: „Við viljum efla samstarf við ríki og önnur sveitarfélög um skilvirka nýtingu stafrænna lausna og notkun gervigreindar.“ Hér er verið að stíga skref í þessa átt með því að formgera og efla samstarf borgarinnar við Samband íslenskra sveitarfélaga og önnur sveitarfélög um stafræn mál. Það er mikilvægt skref til framtíðar að efla samstarf opinberra aðila á milli og möguleikar á hagræði í því samhengi eru miklir.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins lögðu fram svohljóðandi bókun:

Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins styðja tillögu um aukið og formlegt samstarf Reykjavíkurborgar og Sambands íslenskra sveitarfélaga á sviði stafrænnar þróunar. Slík samvinna getur skilað verulegum ávinningi, dregið úr tvíverknaði, aukið samræmi í þjónustu og styrkt sveitarfélögin gagnvart ríkisverkefnum og sameiginlegum stafrænum innviðum. Þó bendum við á að brýnt sé að samspil ákvörðunartöku og kostnaðar verði skýrara áður en skuldbindingar borgarinnar aukast. Til að tryggja eðlilegt jafnvægi þarf skýra stjórnskipan, gagnsæja kostnaðarskiptingu og reglur um fjármögnun breytinga og viðbótarkrafna. Það er forsenda þess að samstarfið verði bæði sanngjarnt og sjálfbært til lengri tíma.

Óskað er eftir að borgarráð heimili þjónustu- og nýsköpunarsviði að ganga til samninga við Samband íslenskra sveitarfélaga til eins árs, sbr. innihald tillögunnar. Verkefnið er með fjármögnun á kostnaðarstað 2102 Áhöld, tæki og hugbúnaður PON.



F.h. þjónustu- og nýsköpunarsviðs,

Óskar J. Sandholt,
sviðsstjóri





Reykjavík, 17. nóvember 2025
PON25110033

TILLAGA

Viðtakandi: Stafrænt ráð

Sendandi: Óskar J. Sandholt, sviðsstjóri þjónustu- og nýsköpunarsviðs

Efni: Tillaga um aukið samstarf Reykjavíkurborgar og Sambands íslenskra sveitarfélaga á sviði stafrænnar þróunnar

Lagt er til að stafrænt ráð samþykki þátttöku Reykjavíkurborgar í fyrirhuguðu auknu samstarfi við Samband íslenskra sveitarfélaga á sviði stafrænnar þróunar. Jafnframt er lagt til að Reykjavíkurborg leggi verkefninu til 31 m.kr. á árinu 2026, í samræmi við hlutfall íbúafjölda og með fyrirvara um endanlega afgreiðslu fjárhagsáætlunar. Einnig er lagt til að þjónustu- og nýsköpunarsviði verði falið að fylgja eftir framkvæmd samstarfsins.

Greinargerð:

Samband íslenskra sveitarfélaga hefur frá árinu 2020 verið helsti samvinnuvettvangur sveitarfélaga á sviði stafrænnar þróunar og hefur gegnt mikilvægu hlutverki við að samræma nálgun, miðla þekkingu og styðja við uppbyggingu sameiginlegra lausna. Reykjavíkurborg hefur frá upphafi verið einn af burðarásum samstarfsins og tekið þátt í mótun og framkvæmd verkefna. Borgin hefur lagt til vinnuframlag, sérfræðiþekkingu og hugbúnaðarkóða sem hefur nýst sveitarfélögum víða um land og styrkt grunninn að sameiginlegri stafrænni þróun.

Nú er unnið að því að stíga næstu skref í samstarfinu með því að efla slagkraft og samræmi í stafrænum verkefnum sveitarfélaga og ríkis. Í ljósi þess mikilvæga hlutverks sem Reykjavíkurborg hefur gegnt hingað til er talið eðlilegt og nauðsynlegt að borgin styðji áfram uppbyggingu samstarfsins með sérstöku fjárframlagi, 31 m.kr. á árinu 2026. Upphæðin byggir á íbúahlutfalli og verður endurskoðuð árlega samkvæmt framgangi verkefna.

F.h. Þjónustu og nýsköpunarsviðs,

Óskar J. Sandholt,
sviðsstjóri



Reykjavík

Tillaga að formfestingu á samstarfi Reykjavíkurborgar og Sambands íslenskra sveitarfélaga á sviði stafrænnar þróunar

Dags. 7. janúar 2026

Málsnr. 2511018SA

Samband íslenskra sveitarfélaga hefur frá árinu 2020 byggt upp samstarfsvettvang sveitarfélaga á sviði stafrænnar þróunar í þeim tilgangi að samræma verkefni, miðla þekkingu og stuðla að því að sveitarfélög geti nýtt sameiginlegar stafrænar lausnir til að bæta þjónustu, auka skilvirkni og hraða stafrænum umbreytingum. Á sama tíma var Reykjavíkurborg í umfangsmiklu stafrænu fjárfestingaverkefni sem fólst í því að stafvæða, bæta og einfalda þjónustu við íbúa. Markmiðið var notendamiðuð og aðgengileg þjónusta til að auka velferð og tryggja íbúum jöfn tækifæri til að sækja þjónustu.

Reykjavíkurborg hefur frá upphafi tekið þátt í stafrænu samstarfi sveitarfélaga en borgin hefur hingað til ekki greitt til samstarfsins heldur lagt fram starfskrafta og þekkingu. Meðal annars með því að afhenda Veitu, afgreiðslukerfi fyrir fjárhagsaðstoð, annast útboð vegna spjallmennis of fleira. Þá hefur borgin sýnt einstakan samstarfsvilja í öðrum verkefnum með því til dæmis að áhættugreina kennsluhugbúnað. Borgin hefur því sannarlega verið öflugur samstarfsaðili í stafrænu samstarfi.

Á vettvangi sveitarfélaganna er nú stefnt að því að efla enn frekar samstarfið ásamt því að styrkja samvinnu við ríkið. Slík samstaða mun stuðla að auknum slagkrafti í nýsköpun, samræmdum lausnum, betri nýtingu fjármuna og bættri þjónustu við íbúa um land allt. Fyrsta stóra samþættingarverkefni Reykjavíkurborgar og Sambandsins er sameining Veitu kerfanna, því hvort kerfi hefur ákveðna eiginleika sem vantaði í hitt. Með þessari samþættingu verður hægt að fjölga umsóknum í velferðarþjónustu fyrir öll sveitarfélög landsins.

Samkomulagið gerir ráð fyrir að Reykjavíkurborg sjái um þróun, rekstur og hýsingu afgreiðslukerfis vegna sameiginlegra umsókna sveitarfélaganna, nefnt Veita. Á vettvangi stafræns samstarf sveitarfélaga munu verða teknar ákvarðanir um þróun, forgangsöröðun og fjárfestingu. Stafrænt samstarf sveitarfélaga mun greiða Reykjavíkurborg vegna þróunar, reksturs og hýsingar enda er verkefnið og kerfið samstarfsverkefni allra. Það hefur því miður allt of oft gerst að sömu kerfi er þróuð á fleiri en einum stað með tilheyrandi kostnaði og óhagræði, þess vegna er mikilvægt að efla samstarfið og formgera það eins vel og hægt er.

Undanfarið ár hafa sveitarfélögin og Reykjavíkurborg stigið stór og þétt skref til að styrkja samstarf sveitarfélaga og lagt mikla áherslu á samvinnu opinberra aðila, þvert á stjórnsýslustig. Æskilegt væri af Reykjavíkurborg myndi taka þátt í samstarfinu með formlegri hætti en áður með því að greiða til þess líkt og önnur sveitarfélög. Með því verður þátttaka borgarinnar sýnilegri fyrir aðra og skipting kostnaðar og utan umhald vegna greiðsla einfaldara og gegnsærra.

Þess vegna óskar Sambandið hér með eftir formlegri þátttöku Reykjavíkurborgar í stafrænu samstarfi sveitarfélaga og leggi samstarfinu til sérstakt fjármagn til að styrkja enn frekar stoðir samvinnu og samstarfs.

Meðfylgjandi er fjárhags- og verkefnaáætlun fyrir stafrænt samstarf sveitarfélaga fyrir árið 2026.

Fyrir hönd Sambands íslenskra sveitarfélaga

Þórdís Sveinsdóttir, sviðstjóri Þróunarsviðs

Áætluð framlög sveitarfélaga vegna stafræns samstarfs 2026		
Fjöldi íbúa		
1.jan 2025		Samtals v/ 2026
	389.331	
Höfuðborgarsvæði	249.054	
Kópavogur	40.040	9.144.505
Hafnarfjörður	31.525	7.263.612
Garðabær	20.116	4.743.458
Mosfellsbær	13.715	3.329.530
Seltjarnarnes	4.585	1.312.789
Kjósarhreppur	301	366.488
Suðurnesin	29.577	
Reykjanesbær	22.499	5.269.843
Suðurnesjabær	4.091	1.203.668
Grindavíkurbær	1.246	575.231
Sveitarfélagið Vogar	1.741	684.573
Vesturland	17.761	
Akranes	8.285	2.130.088
Borgarbyggð	4.102	1.206.098
Snæfellsbær	1.669	668.668
Sveitarfélagið Stykkishólmur	1.285	583.846
Grundarfjarðarbær	826	482.457
Hvalfjarðarsveit	760	467.878
Dalabyggð	645	442.475
Eyja- og Miklaholtshreppur	124	327.391
Skorradalshreppur	65	314.358
Vestfirðir	7.116	
Ísafjarðarbær	3832	1.146.457
Vesturbyggð	1314	590.252
Bolungarvík	995	519.787
Strandabyggð	405	389.461
Reykhólahreppur	246	354.339
Súðavíkurhreppur	209	346.166
Kaldrananeshreppur	115	325.403
Norðurland vestra	7.355	
Skagafjörður	4316	1.253.369
Húnabyggð	1374	603.505
Húnaþing vestra	1203	565.733
Sveitarfélagið Skagaströnd	462	402.052
Norðurland eystra	31.973	
Akureyri	20050	4.728.879
Norðurþing	3114	987.857
Fjallabyggð	1966	734.273
Dalvíkurbyggð	1906	721.020

Pingeyjarsveit	1453	620.956
Eyjafjarðarsveit	1184	561.536
Hörgársveit	847	487.095
Langanesbyggð	560	423.699
Svalbarðsstrandarhreppur	504	411.329
Grýtubakkahreppur	389	385.927
Austurland	11.217	
Múlaþing	5232	1.455.706
Fjarðabyggð	5247	1.459.019
Vopnafjarðarhreppur	648	443.138
Fljótshreppur	90	319.880
Suðurland	35.278	
Sveitarfélagið Árborg	12064	2.964.838
Vestmannaeyjar	4470	1.287.386
Hveragerði	3300	1.028.943
Sveitarfélagið Ölfus	2757	908.999
Sveitarfélagið Hornafjörður	2589	871.889
Rangárþing eystra	2073	757.909
Rangárþing ytra	1940	728.530
Bláskógabyggð	1362	600.855
Mýrdalshreppur	965	513.161
Hrunamannahreppur	914	501.895
Flóahreppur	726	460.367
Skaftárhreppur	627	438.499
Skeiða- og Gnúpverjahreppur	617	436.290
Grímsnes- og Grafningshreppur	575	427.013
Ásahreppur	299	366.047
		73.046.412

Fjárhagsáætlun stafrænt samstarf 2026

Fjármögnun eftir verkefnum	73.000.000
Veita 2.0 - miðlæg umsóknarafgreiðsla	40.000.000
Almenn virkni í miðlægu kerfi	20.000.000
Þróun umsókna	20.000.000
Ráðstefna og fræðsla	6.000.000
Stafræn ráðstefna (mars)	4.000.000
Vefkaffi og aðrar fræðslukynningar	2.000.000
Skjalamál og rafræn skil	5.000.000
Tengingar við skjalakerfi og varðveisla	4.000.000
Staðlar um varðveislu og rafræn skil	1.000.000
Hagsmunagæsla (ríkisverkefni)	22.000.000
Nemendagrunnur	5.000.000
Barnaverndargátt	5.000.000
Byggingarleyfi HMS	5.000.000
Þjónustugátt TR	4.000.000
Álagningakerfi faseignagjalda	3.000.000
SAMTALS	73.000.000